

# 350. fundur Skólanefndar FS

## 11. september 2019



**Mættir:** Böðvar Jónsson formaður, Ísak Ernir Kristinsson, Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Júlíus Viggó Ólafsson og Anna Sigríður Jóhannesdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Upphaf annar.
  2. Viðbygging.
  3. Önnur mál.

Mott	15.11.2019
Lykill	00.10
Málsnr.	2019050701
Ábm.	HA

Í upphafi fundar var samþykkt að Böðvar Jónsson verði áfram formaður og Jónína Magnúsdóttir áfram varaformaður skólanefndar. Nýir fulltrúar foreldra og nemenda voru boðnir sérstaklega velkomnir á sinn fyrsta fund.

### 1. Upphaf annar.

Skólameistari fór yfir kennarastöður, kennara sem eru í leyfi, nýja kennara sem hefja störf í skólanum og einnig þá sem eru í afleysingum. Í ár eru 59% nemenda drengir en 41% eru stúlkur. Nýnemar eru 233 í ár, 43% stúlkur og 57% drengir. Meiri aðsókn var í iðnnám í ár en á síðasta ári og hefur þá orðið fjölgun tvö ár í röð. 14% nemenda stunda iðnnám. Skólameistari fór yfir framkvæmdir á húsnæði í sumar en þær voru frekar litlar. Áfram er unnið að því að skólinn fái jafnlaunavottun og er það gert í samstarfi við aðra framhaldsskóla. Búið er að ráða persónuverndarfulltrúa við skólann.

### 2. Viðbygging.

Rætt var um fyrirhugaða viðbyggingu við skólann. Skipuð hefur verið bygginganefnd en hana skipa Einar Jón Pálsson, Böðvar Jónsson og Guðmundur Björnsson, auk þess sem skólameistari vinnur með nefndinni. Frumdrög eru komin að byggingunni sem unnin eru af Verkfræðistofu Suðurnesja og Jón Stefán Einarsson arkitekt. Byggingin verður um 260 fm og á að tengja saman álmu 1 og 3. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði 123 milljónir og framkvæmdin verður á höndum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

### 3. Önnur mál.


a) Skólameistari fór yfir fjárlögin, farið yfir nemendaígildi og þau borin saman við aðra skóla.

b) Formaður NFS sagði frá starfi nemendafélagsins sem gengur vel en þar eru skemmtikvöld, skólaball og fleira á dagskrá. Í ár verður ekki leikrit en meira lagt í undirbúning Morfís og Gettu betur. Samstarf er hafið við nemendafélagið hjá Keili og fleira verður gert í sameiningu í vetur með þeim skóla. Hnísan er mjög öflug og mun sýna busavakningaupptöku á skemmtikvöldinu.


c) Foreldrafundur var haldin í upphafi skólans og var mæting mjög góð. Margrét Lilja Guðmundsdóttir hjá Rannsóknunum og greiningu hélt góða forvarnafræðslu fyrir foreldra. Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn, formaður félagsins fór yfir árið og ný stjórn tók til starfa.

d) Samþykkt var að hefja undirbúning að umsókn um stækkun á verknámsaðstöðu, fara í þarfagreiningu og vinna það áfram. Skólameistara falið að vinna að málinu. Ræddar voru hugmyndir um að stokka upp bókasafnið og gera breytingar til betri nýtingar á rýminu þar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


  
Þóðvar Jónsson, formaður

Ísak Ernir Kristinsson

  
Gunnar Valdimarsson

  
Kristján Ásmundsson

Rósa Dögg Þorsteinsdóttir

  
Júlíus Viggó Ólafsson

Anna Sigríður Jóhannesdóttir, fundarritari